



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 24. október 2017 á Kjóavöllum.

11. fundur

Fundur hófst kl. 17:15

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Kristín Njálisdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Helga Hermannsdóttir, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir boðaði forföll.

Á þessum ellefta fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Kynnt var fyrir stjórn að áhugi væri fyrir stofnun sameiginlegs félags um reiðskóla fatlaðra á Höfuðborgarsvæðinu, en eftirspurnin eftir slíkum reiðskóla er mikil. Að félaginu koma hestamannafélögin Fákur, Sprettur, Sörli, Adam, Sóti og Hörður. Stjórn Sprettis fagnar þessu framtaki og samþykkir einróma heimild að skrifa undir viljayfirlýsingu um samstarf á formannafundi LH næstkomandi föstudag.
2. Spretti hefur borist svarbréf frá Garðabæ við innsendum athugasemdum við Deiluskipulag breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016. Í bréfinu er athugasemdum frá Spretti hafnað. Stjórn felur Reiðveganefnd að semja svarbréf f.h. Sprettis.
3. Farið yfir undirbúning vegna aðalfundar sem haldin verður 16.11.2017
4. Farið yfir undirbúning vegna árshátíðar sem haldin verður 18.11.2017
5. Sveinbirni formanni falið að taka að sér samningsviðræður við formann LH vegna Landsmóts 2022
6. Berglind gjaldkeri fór yfir fjármál félagsins, samþykkt var að fá endurskoðandi félagsins á næsta fund.
7. Magnús framkv.stj. fór yfir helstu verkefni á næstunni. Einnig kom fram að bókanir á veitingasal ganga mjög vel og er salurinn bókaður út september 2018

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir.